



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



**Leikskólinn Fífuborg**

## **Starfsáætlun**

**2019 – 2020**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið skólaárið 2018 - 2019 .....	3
2 Innra mat.....	6
3 Innra mat Ljósheima.....	8
4 Innra mat Álfheima.....	11
5 Innra mat Dvergheima.....	15
6 Innra mat Hulduheima .....	20
7 Ytra mat .....	25
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	28
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	30
9.1 Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna.....	30
9.2 Sameiginleg eineltisáætlun fyrir leikskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi .....	31
9.3 Samstarf við Korpúlfa .....	31
10 Foreldrasamvinna.....	31
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	32
12 Fylgigögn.....	32
12.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	32
12.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	32
12.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	32
12.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal .....	32
12.5 Fylgiskjal 5 – Matsgögn.....	32
12.6 Fylgiskjal 6 – Jafnréttisáætlun Fífuborgar.....	32



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið skólaárið 2018 - 2019

Núna þegar þessu skólaári er að ljúka er gott að fara yfir farinn veg og skoða það sem vel var gert og það sem betur má fara. Áframhaldandi stöðugleiki hefur verið í starfsmannamálum í Fífuborg og er hlutfall fagmenntaðra kennara fimmtán af tuttugu starfsmönnum. Inni í þeirri tölu eru níu leikskólakennarar, þrjú grunnskólakennarar, einn þroskajálfi, einn með BSc í sálfræði og einn leikskólaliði. Aðrir starfsmenn hafa flestir lokið fagnámskeiðum á vegum Eflingar. Hér starfa ótrúlega öflugir og áhugasamir kennarar eins og sjá má á góðum leikskólabrag, niðurstöðum foreldrakannana og háu skori í starfsánægju í starfsmannakönnunum.

Námskrá Fífuborgar hefur verið endurskoðuð og uppfærð þar sem ýmsar breytingar hafa orðið í námi og starfi barnanna okkar. Má þar t.d. nefna Vináttunámsefnið og aukna áherslu á læsi og umhverfismennt. Foreldraráð skólans hefur farið yfir hana og samþykkt. Námskrána má sjá á heimasíðu Fífuborgar, [fifuborg.is](http://fifuborg.is). Einnig hafa deildarstjórar allra deilda lokið vinnu við deildarnámskrár fyrir mismunandi aldurshópa. Deildarnámskrárnar verða settar inn á heimasíðu Fífuborgar haustið 2019.

Vináttunámsefni fyrir 0 – 3 ára kom út í janúar s.l. og útgáfugleðin fór fram í Fífuborg og var þar margt um manninn. Ávörp fluttu m.a. forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson sem er verndari Vináttu á Íslandi og Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra. Börnin okkar sungu nokkur lög úr Vináttunámsefninu og gerðu það með glæsibrag, ásamt Ragnheiði Gröndal og Stefáni Erni Gunnlaugssyni. Unnið hefur verið með Vináttuna frá 2016, þ.e. með börnunum frá 3 - 5 ára og verður því haldið áfram en nú verður þetta námsefni einnig í boði fyrir yngstu börnin.

Eineltisáætlun- Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi

Leikskólar í Grafarvogi og á Kjalarnesi hafa útbúið sameiginlega eineltisáætlun. Þetta er verkefni sem við erum mjög stolt af. Hugmyndin að þessari sameiginlegu áætlun kviknaði þegar stjórnendur í Fífuborg ætluðu að byrja á áætlun fyrir eigin skóla. Kom þá upp sú hugmynd að það væri betra að vinna þetta verkefni sameiginlega í hverfinu og bjóða þjónustumiðstöðinni í Miðgarði að vera með. Aðstoðarleikskólastjórar í hverfinu unnu þessa áætlun saman. Helga Sigurðardóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Fífuborg og Guðrún Rut Bjartmarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Laufskálum stýrðu þessari vinnu að mestu leyti. Einnig kom Helgi Þór Harðarson, ráðgjafi í þjónustumiðstöð



Miðgarðs að þessari vinnu. Áætlunina má sjá á heimasíðu Fífuborgar, fífuborg.is. Vináttunámsefnið sem unnið er með í Fífuborg nýtist mjög vel sem forvarnarefni gegn einelti.

Foreldraráð Fífuborgar tilnefndi skólann okkar til Hvatningarverðlauna fyrir verkefnið; *Ella endurvinnsludúkkka*. Ella er brúða sem kennir börnunum umhverfismennt. Fífuborg fékk hvatningarverðlaun þann 7. febrúar 2019 öllum til mikillar gleði. Við erum fulltrúum foreldraráðsins mjög þakklát fyrir tilnefninguna. Fífuborg fagnaði 26 ára afmæli í janúar og af því tilefni gaf Ella endurvinnsludúkkka leikskólanum lag um sig sem er umhverfissáttmáli leikskólans.

Kennarar í Fífuborg unnu Jafnréttisáætlun bæði fyrir börn og kennara. Hana má sjá á heimasíðu Fífuborgar. Farið var yfir áætlunina og áherslur komandi starfsárs á skipulagsdegi. Jafnréttisáætlunin var send jafnréttisstofu sem gaf góða umsögn fyrir hana. (Sjá fylgiskjal 6)

Erasmus+ samstarf við kennaraskóla í Þýskalandi

Síðastliðin fjögur ár hefur leikskólinn Fífuborg tekið þátt í Erasmus+ í samstarfi við skóla í Þýskalandi. Við höfum fengið til okkar tvo til þrjá leikskólakennaranema ár hvert. Þetta sumar fengum við tvo nema, þær Alenu og Piu sem koma frá Landshut í Bæjaralandi í Þýskalandi. Þær voru hjá okkur í fjórar vikur og unnu þemaverkefni um skip með tveimur elstu barnahópunum. Börnin gerðu skip úr ýmsum efniviði og skoðuðu m.a.hvaða efniviður gæti flotið. Einnig var farið í fjöruferð, á Sjóminjasafnið og varðskipið Óðinn skoðað. Við höfum mjög góða reynslu af þessu samstarfi og höfum alltaf fengið frábæra leikskólakennaranema til okkar. Á næsta skólaári munum við halda áfram með þetta samstarf en með nýjum samstarfsaðilum sem einnig eru frá Þýskalandi, nánar tiltekið frá Klein-Auheim, Hanau sem er ekki langt frá Frankfurt Main.

Fífuborg fékk úthlutað þróunarstyrk í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkur. Þróunarverkefnið hefjum við haustið 2019. Verkefnið heitir *Litlu könnuðirnir* og verður unnið að því að nýta/þróa könnunaraðferðina með áherslu á læsi.

Efst í huga að loknu farsælu skólaári er þakklæti til kennara fyrir vel unnin störf, fyrir áhugasöm og einstök börn og fyrir gott samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.



## Lagið um Ellu endurvinnsludúkku

(Lag: Grænt, grænt, grænt er grasið út í haga)

(texti: Elsa Rún)

Velkomin Ella, á deildina okkar,

viltu kenna okkur að flokka,

:: minnka mengun, plastnotkun og sóun

og styrkja þjóð að sjálfbærri þróun..:




## Myndir frá Erasmus+ samstarfsverkefningu



## 2 Innra mat

Innra mat leikskólans Fífuborgar hefur verið unnið samkvæmt *Langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2018 - 2021* sem sett var fram í starfsáætlun leikskólans 2018 - 2019. Sú endurmatsáætlun var byggð á niðurstöðum gagna starfsársins 2017 – 2018. Þar er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Endurmat starfsfólks fór fram á deildarfundum og á skipulagsdögum. Börnin endurmatu nokkra þætti starfsins og fór það fram þannig að rætt var við þau í hóp þar sem þau voru spurð m.a. um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Matslistar sem stuðst hefur verið við eru heimagerðir listar um endurmat. (Sjá fylgiskjal 5, bls. 41) Þá hefur endurmatshringur Fífuborgar verið notaður.

### Endurmatshringur Fífuborgar



Fífuborg fékk þróunarstyrk til að efla kunnáttu starfsmanna í Könnunaraðferðinni og vinna markvissara með hana í leikskólanum. Hún hefur því bæst við sem umbótaþáttur fyrir skólaárið 2019 – 2020 í langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2018 – 2020. (Sjá bls. 7).



**Langtímaáætlun um innra mat Fífaborgar 2018 - 2021**

	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Stjórnun og rekstur			
Útivera/útvistardagar			
Hallsholt/útikennsla			
Haustþema/Vorþema			
Foreldrafundir			
Valsvæði og móttaka			x
Læsi og samskipti			
Málörvun í leik	x		
Grænfáninn – lýðheilsa	x	x	
Sjálfbærni og vísindi			x
Ella endurvinnsla			
Fjölmennungur			x
Skráningar			
Desember og þrettándinn			
Könnunaraðferðin		x	
Námskrá, deildarnámskrá	x		
Ösku-, bollu-, sprengidag.			
Sköpun og menn. (litavikur)			x
Samstarf skóla/Korpúlfar			
Vínátta	x	x	
Foreldravika			
Barn vikunnar			
Heilbrigði og vellíðan			
Hlutverk starfsm. í leik		x	
Ömmu og afa kaffi			
Barnasáttmálinn			
Einingakubbar			
Könnunarleikur			
Þjóðhátíð			
Framkvæmd innra mats			



### 3 Innra mat Ljósheima

Þeir fjórir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2018-2019 voru málörvun í leik, Grænfáninn-Lýðheilsa, Vinátta, námskrá og deildarnámskrá.

**Málörvun í leik:** Á Ljósheimum leggjum við áherslu á málörvun í öllu daglegu starfi s.s í fataklefa, við matarborðið, í frjálsum leik, samverustundum og hópastarfi. Við hvetjum börnin til að þess að nota málið í stað bendinga ef þau vantar eitthvað og einnig til að leysa ágreining sín á milli. Þau hafa greiðan aðgang að bókum og ritmál er sýnilegt. Við endurnýjuðum allar merkingar í haust og nú er kominn tími til að gera það aftur enda fátt skemmtilegra en plokka þessa miða af. Unnið var með námsefnið Lubbi finnur málbein og voru börnin mjög áhugasöm um það. Haldið verður áfram á sömu braut með það næsta vetur. Bókabíó er nýjung sem við byrjuðum á í vetur. Fer það fram í vinastund og er þá lesin saga og myndunum varpað upp á vegg. Þetta var gert einu sinni í mánuði og börnin voru mjög spennit fyrir þessu og við munum halda þessu áfram næsta vetur. Hrund sérkennslustjóri hefur tekið tvítyngd börn í málörvunarstund einu sinni í viku og hefur það reynst mjög vel. Einnig gerði hún einstaklingsnámskrá fyrir þau í samvinnu við deildarstjóra og farið var yfir einstaklingsnámskrárnar á deildarfundum. Fylgst var með framförum barnanna með hjálp leiðarvísisins *Einn leikskóli-mörg tungumál* og voru þessi þættir einnig ræddir á deildarfundum.



TRAS skráningarlistinn sem notaður er til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna var innleiddur í vetur hjá okkur og náðist að leggja hann fyrir öll börn sem náð höfðu tveggja ára aldri. Deildarstjóri studdist svo við niðurstöður úr skráningarlistanum í foreldraviðtölum og bar þær undir foreldra.

Í starfsáætlun síðasta árs var talað um að byrja á *taka 10* en þ.e. að hver starfsmaður gefi sér 10 mínútur á dag til að eiga í samskiptum við barn sem þarf sérstaklega að huga að. Ekki náðist að fylgja þessu eftir og kom upp sú hugmynd að vera með skráningarblað til að gera þetta markvissara og því bætist þessi liður við sem umbótaþáttur.

**Grænfáninn-Lýðheilsa:** Unnið var áfram með þemað Lýðheilsa í vetur í tengslum við Grænfánaverkefnið. Í starfsáætlun síðasta vetrar stóð að vilyrði væri komið frá borginni um hjólageymslu. Vinnu við hjólageymsluna lauk síðan í haust og er ekki annað að sjá en að fleiri komi





hjólendi í leikskólann en verið hefur, bæði starfsmenn, börn og foreldrar. Einnig er hægt að geyma kerrur þar ef fólk vill koma gangandi í leikskólann. Í maí sáðum við karsafræjum og fylgdust börnin



spennt með hvernig fræin spíruðu og urðu síðan að plöntum. Börnin voru mjög áhugasöm og biðu spennt eftir að geta smakkað karsann. Þegar það kom svo að því að hægt væri smakka á þessu þá runnu nú tvær grímur á sum þeirra og þau vildu ekki smakka. Þau sem smökkuðu voru mjög ánægð með þetta. Ella endurvinnsludúkkja kom reglulega í

heimsókn til okkar og fræddi okkur um umhverfismál. Við vorum misduglegar að nýta okkur hana og þurfum við að gera betur næsta vetur. Stundum kom hún til okkar þegar það var mikið annað um að vera og stundum gleymdist hún bara. Í haust verður skýrslan um lýðheilsu kláruð og munum við þá sækja um Grænfánan í fjórða sinn og þá verður næsta þema ákveðið.

**Vinátta:** Á Ljósheimum leggjum við mikla áherslu á að öllum líði vel, séu öruggir í leikskólanum og að samskipti séu góð. Eftir áramót innleiddum við Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir yngri börn og er það góð viðbót til þess að vinna að þessum markmiðum. Allt starfsfólk Ljósheima fór á námskeið um þetta efni. Við erum enn að prófa okkur áfram hvernig er best að vinna með þetta og munum halda því áfram næsta vetur. Börnin eru mjög ánægð með litlu hjálparbangsana sína og taka þá oft til að gefa þeim smá knús og til að sýna okkur. Við lærðum nýtt lag sem tengist þessu verkefni og börnin sungu það svo fyrir foreldra þegar það voru hópaslit hjá okkur.



**Námskrá, Deildarnámskrá:** Helga aðstoðarleikskólastjóri hefur yfirfarið námskrána okkar og lokið endurbótum á henni. Foreldraráð hefur yfirfarið námskrána og gefið henni umsögn. Vinnu við deildarnámskrár lauk í sumar. Deildarstjórar hafa unnið að þeim í sameiningu og ætlum við að byrja að vinna eftir þeim næsta vetur.

**Könnunaraðferðin:** Fífaborg fékk þróunarstyrk til að efla kunnáttu starfsmanna í könnunaraðferðinni og vinna markvissara með hana í leikskólanum og því er hún einn af umbótarþáttunum fyrir næsta vetur.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Grænfáninn- Lýðheilsa</b>	Að gera vinnuna með Ellu endurvinnslu-dúkkum markvissari. Að börnin kynnist ræktun.	Finna betri stað til að geyma hana á þannig að hún blasi við starfsfólki og börnum.	Haust 2019	Deildarstjóri	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúrunni. Fræðist um umhverfismál s.s flokkun, endurvinnslu og matarsóun.
<b>Vinátta</b>	Að byrja að vinna markvisst með Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir yngri börn. Leggjum áherslu á að kenna börnunum að lesa í tilfinningar annarra.	Hengja upp myndir sem fylgja verkefninu og skipta þeim reglulega út. Tengja umræður um vináttu og félagsfærni myndunum og bangsanum Blæ. Lesa bækur og syngja lög sem fylgja verkefninu.	Skólaárið 2019-2020	Allt starfsfólk Ljósheima	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin eigi jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau þrói með sér samkennd og vináttu og getir leitað lausna í samskiptum við hvort annað.
<b>Hlutverk starfsmanna í leik</b>	Að starfsmenn efli sig í því að vita hvenær þeir eiga að taka þátt í leik barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig í hlé.	Starfsmenn fá fræðslu um Könnunaraðferðina. Starfsmenn leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við. t.d ef þörf er á að efla leikfærni barna.	Skólaárið 2019-2020	Allt starfsfólk Ljósheima	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin öðlist betri leikfærni og að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna og mynda tengsl við þau í gegnum leik.
<b>Könnunaraðferðin</b>	Að vinna markvisst með könnunaraðferðina sem eflir bernskulæsi, samskipti, samvinnu, lausnaleit og sköpun barna.	Að starfsmenn fái fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi í haust.	Skólaárið 2019-2020	Stjórnendur og deildarstjórar	Á skipulagsdögum og deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að starfsfólk æfi sig í að vinna með könnunaraðferðina og styðji þannig við þekkingarleit barnanna. Að börnin fáist við verkefni sem vekja forvitni þeirra og hvetja þau til rannsóknna, kannana og lausnaleita. Þau fái tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.
<b>Námskrá, deildarnámskrá</b>	Að starfsfólk vinni eftir deildarnámskrám í öllu starfi leikskólans. Að starfsfólk og foreldrar þekki námskrá leikskólans.	Að starfsfólk kynni sér deildarnámskránnu. Námskrá kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi. Starfsfólk lesi yfir námskrána.	Haust 2019	Deildarstjórar	Skólaárið 2019-2020	Að deildarnámskráin sé notuð til að endurmeta starfið og til að fylgjast með hvort verið sé að vinna með alla þætti í námskránni.
<b>Málörvun í leik</b>	Að starfsfólk noti skráningarblöðin til að fylgjast með framgöngu í „taka 10“.	Að útbúa og nota þar til gerð skráningarblöð til að skrá niður þegar starfsmaður „tekur 10“ með þeim börnum sem þurfa.	Haustið 2019	Deildarstjóri	Á deildarfundum um með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk þekki hvaða börnum þarf að huga sérstaklega að.



## 4 Innra mat Álfheima

Þeir fjórir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2018-2019 eru málörvun í leik, Grænfáni-lýðheilsa, námskrá, deildarnámskrá og Vinátta.

**Málörvun í leik:** Á Álfheimum er mikil áhersla lögð á að grípa hvert tækifæri sem gefst til málörvunar, hvort sem það er í leik, skipulögðum stundum eða í fataklefanum. Starfsfólk deildarinnar er meðvitað



um að spyrja opinna spurninga, gefa börnunum tíma til samræðna og setja orð á hluti og athafnir. Börnin eru einnig hvött til að svara og nota orð eða setningar í stað þess að benda. Fylgst er vel með þeim börnum sem þurfa meiri tíma og hafa sig lítið frammi í samræðum, að þau fái sitt og að starfsfólk hugi vel að þeim. Talað var um að byrja á að *taka 10* þ.e. að hver starfsmaður myndi gefa sér 10 mínútur á dag til að eiga í samskiptum við barn sem þarf sérstaklega að huga

að. Ekki náðist að fylgja þessu eftir og kom upp sú hugmynd að vera með skráningarblað til að gera þetta markvissara og því bætist þessi liður við sem umbótaþáttur.

Unnið er með málörvun í frjálsum leik, útiveru og skipulögðum stundum. Skipulagðar stundir eru samverustundir, málörvunarstundir, hópastarf og gönguferðir. Í

samveru fer fram mikil málörvun. Þar eru lesnar bækur, lög sungin, farið með þulur og vísur, kíkt til veðurs, farið yfir málshátt mánaðarins og börnin eru hvött til að tjá sig um málefni líðandi stundar. Unnið er með námsefnið *Lubbi finnur málbein* í málörvunarstundum við mikinn fögnuð barnanna. Erfitt var að finna tíma fyrir þessar stundir fyrir áramót en þegar þær voru



settar inn í hópastarfið gekk betur. Í hópastarfi er einnig unnið með þema og hreyfingu, þar gefast góð tækifæri til að leggja inn ný orð, útskýra og eiga samskipti við börnin í minni hópum. Gönguferðir er góður vettvangur fyrir málörvun, börnin sjá ýmislegt sem vert er að ræða. Við á Álfheimum þurfum að huga betur að úrvinnslu eftir ferðirnar til að nýta betur þau tækifæri sem þær gefa til málörvunar og ætlum við að vinna markvisst að því næsta vetur.



Í frjálsum leik er kennarinn til staðar og grípur þau tækifæri sem gefast, hann hvetur líka til samskipta, að börnin tali saman og leysi þau vandamál sem upp koma í sameiningu. Í frjálsa leikunum þössum við upp á að umhverfið sé hvetjandi, ýti undir samskipti og að fjölbreyttur efniviður sé í boði sem er skipt reglulega út. Starfsfólk er líka meðvitaðra um að skipta hópnum niður og loka hurðum á milli herbergja til að skapa meira næði fyrir börnin í leik og starfi. Bókabíó í vinastund er nýng sem mæltist vel fyrir hjá börnum og kennurum. Þá er saga lesin og myndirnar sýndar með skjávarpa.



Innleiðing TRAS, skráningarlista fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, hefur gengið vel. Allir deildarstjórar nema einn hafa farið á námskeið ásamt þroskaþjálfva, sérkennslustjóra og einum sérkennara. Deildarstjórinn sem á eftir að fara á námskeið fer í haust.

**Grænfáninn-Lýðheilsa:** Unnið var áfram með þemað Lýðheilsa í vetur í tengslum við

Grænfánaverkefnið. Ella endurvinnsludúkkka kom í heimsókn eina viku í mánuði, verkefni hennar er að stuðla að umhverfismennt barnanna með því að fræða þau um umhverfismál og vera stuðningur okkar við grænfána verkefnið. Vinnan með Ellu mætti vera markvissari á Álfheimum og kom fyrir að hún gleymdist vegna anna. Börnin eru alltaf áhugasömu um Ellu og tala um að hún kenni þeim að henda ekki rusli og að nota ekki mikla sápu því þá verða fiskarnir leiðir. Það var mjög ánægjulegt að vinnan við hjólageymsluna okkar lauk



síðasta haust og sjáum við að foreldrar, börn og starfsfólk koma í auknu mæli hjólandi í leikskólann og er það okkar von að það muni aukast enn frekar. Í garðinum okkar voru málaðar hreyfihvetjandi þrautir á stéttina sem hafa heldur betur slegið í gegn hjá börnunum og ætlum við að gera það aftur núna í sumar. Í maí sáðum við Karsafræjum með börnunum sem þau fengu að smakka og taka með



sér heim. Við settum líka niður forræktað salat sem við því miður náðum við ekki að smakka það því það þornaði upp. Börnin fylgdust áhugasöm með þessu ferli og langar okkur að gera meira af þessu næsta vor og prófa fleiri tegundir til að gróðursetja og smakka. Núna í haust verður skýrslan um lýðheilsu kláruð og munum við þá sækja um Grænfánan í fjórða sinn og munum í framhaldi ákveða næsta þema.



**Námskrá, deildarnámskrá:** Vinna við námskrá Fífuborgar lauk í vetur og hefur verið kynnt fyrir foreldraráði og fékk góða umsögn. Deildarstjórar hafa unnið að deildarnámskrám í vetur, vinnan við námskrárnar hefur gengið vel og voru þær kláraðar í sumar.

**Vinátta:** Á Álfheimum er lögð mikil áhersla á vináttu og virðingu á milli barna og starfsfólks. Við viljum að öllum líði vel, séu öruggir og að samskipti séu góð á milli allra.

Starfsfólk leggur sig fram við að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin í samskiptum og leggjum við áherslu á að kenna góð samskipti og aðstoða þau hvernig á að leysa úr ágreiningi sín á milli á góðan hátt.

Eftir áramót innleiddum við Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir yngri börnin. Starfsfólk af Ljósheimum og Álfheimum fór á námskeið um efnið ásamt tveimur starfsmönnum sem sinna afleysingu. Við erum að þreifa okkur áfram hvar best sé að hafa Vináttu verkefnið í

dagskipulaginu til að vinna markvissara með það. Við þurfum líka að vera duglegri að vísa í Blæ þegar upp koma vandamál sem þarf að leysa hjá börnunum.



**Könnunaraðferðin:** Fífuborg fékk þróunarstyrk til að efla kunnáttu starfsmanna í könnunaraðferðinni og vinna markvissara með hana í leikskólanum og því er hún einn af umbótarþáttunum fyrir næsta vetur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Grænfáninn- Lýðheilsa</b>	Að gera vinnuna með Ellu endurvinnsludúkku sýnilegri. Að gera úrvinnslu úr gönguferðum með börnunum í máli og myndum.	Hafa Ellu sýnilegri inn á deild svo auðvelt sé að minna á hana og vísa í þegar við á Að börnin fái tækifæri til að deila upplifun sinni eftir gönguferð í máli og myndum. Að kennari skrái niður upplifun barnanna.	Haust 2019	Deildar- stjórar	Á deildarfundum með stafsólki deildarinnar regluleg yfir árið. Munnlegt endurmat með börnum.	Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Að börnin fræðist um umhverfismál s.s af hverju notum við ekki mikið af sápu, af hverju flokkum við.
<b>Vínátta</b>	Að vinna markvisst með Vínáttuverkefni Barnaheilla. Að kenna börnum að lesa í tilfinningar annarra.	Hafa eina samverustund í viku fyrir Vínáttuverkefnið. Nýta námsefnið um Blæ til að tala um tilfinningar. Hengja upp myndir sem fylgja verkefninu til að vísa í þegar við á.	Skólaárið 2019- 2020	Allt starfsfólk	Á deildarfundum með stafsólki deildarinnar regluleg yfir árið. Munnlegt endurmat með börnum.	Að börnin læri góð samskipti. Að börn efla með sér góða félagsfærni. Að börn prói með sér samkennd og vínáttu. Að börnin geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað.
<b>Hlutverk starfsmanna í leik</b>	Að starfsmenn eflist í því hvenær þeir eigi að taka þátt í leik barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig úr leiknum.	Að starfsfólk fái fræðslu um leik barna á skipulagsdegi Að starfsmenn leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við t.d. til að efla leikfærni	Skólaárið 2019- 2020	Stjórnendur og deildar- stjórar	Á deildarfundum með stafsólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk öðlist betri skilning á leiknum og hvernig megi efla leikfærni barna. Að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast í leiknum. Að börnin öðlist betri leikfærni.
<b>Könnunar- aðferðin</b>	Að vinna markvist með könnunaraðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleit og sköpun barna.	Að starfsfólk fái fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi Að starfsfólk læri að skrá niður vinnu barnanna á fjölbreyttan hátt.	Skólaárið 2019- 2020	Stjórnendur og deildar- stjórar	Á skipulagsdögum og deildarfundum með stafsólki reglulega yfir árið.	Að starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja við þekkingarleit barnanna. Að börnin fái verkefni sem vekja upp forvitni þeirra, hvetja þau til rannsókna, kannana og lausnaleita. Að börnin fái tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.
<b>Námskrá, deildar- námskrá</b>	Að foreldrar þekki til námskrá Fífuborgar Að starfsfólk vinni eftir deildarnámskrám í öllu starfi leikskólans.	Að kynna námskrána fyrir foreldrum á foreldrafundi í haust Að starfsfólk kynni sér deildarnámskrá sinnar deilda.r	Haustið 2019	Stjórnendur og Deildar- stjórar	Skólaárið 2019- 2020	Að námskrá og deildarnámskrár séu lifandi plagg sem unnið er eftir. Að starfsfólk noti deildarnámskrárnar til að meta stafið og sjá að hvaða markmiðum við stefnum að.
<b>Málörvun í leik</b>	Að stafsólk noti skráningarblöð fyrir „taka 10“.	Að nota þar til gerð skráningarblöð til að skrá niður þegar starfsmaður „tekur 10“ með þeim börnum sem þurfa.	Haustið 2019	Deildarstjóri	Á deildarfundum með stafsólki regluleg yfir árið.	Að starfsfólk þekki hvaða börnum þarf að huga sérstaklega að.



## 5 Innra mat Dvergheima

Matsnefnd Fífaborgar ákvað að skoða þrjá þætt í starfinu fyrir skólaárið 2018-2019. Þeir eru:

- málörvun í leik
- Grænfáninn, lýðheilsa
- Vinátta

### Málörvun í leik



Á Dvergheimum er málörvun samþætt öllu daglegu starfi. Starfsmenn eru duglegir að spjalla við börnin og oft gefst tími fyrir notalegt spjall við matarborðið. Þá erum við gjarnan að ræða hvað börnin gerðu *um morguninn* eða *áðan*. Einnig ræðum við gjarnan um hvaðan maturinn kemur. Við gerum kröfu á að börnin noti heilar setningar t.d. „má ég fá meiri fisk?“ en ekki bara „meira“. Oft verða áhugaverðar umræður um heima og geima þegar starfsmaður situr og spjallar við börnin þegar þau eru í verkefnum t.d. kubba eða púsla. Í eftirmiðdaginn eru kennarar duglegir að setjast niður með börnunum og spila við þau og þá gefast mörg tækifæri til málörvunar og þjálfunar.

Sögustundir eru daglega og í ár gerðum við heillangan bókaorm sem teygði sig um deildina með því að skrá niður hvaða bækur voru lesnar. Einnig eru kennarar duglegir að setjast niður með nokkrum börnum í frjálsum leik og lesa fyrir þau bækur sem þau óska eftir að séu lesnar fyrir þau.

Samverustund hefst iðulega á því að við segjum hvaða vikudagur og mánuður er og notum *Tákn með tali* með. Svo förum við yfir myndrænt dagskipulag og þannig vinnum við markvisst með mikilvægan daglegan orðaforða. Við syngjum mikið í samverustundum og notum gjarnan hreyfingar og myndir með til að ná til sem flestra barna. Með því að syngja ólík lög lærum við fjölbreytt orð. Þau lög sem við leggjum áherslu á í hverjum mánuði fá foreldrar send í tölvupósti og geta þannig hlustað á þau heima eða í bílnum með börnunum sínum. Þetta hefur nýst mörgum börnum vel t.d. börnum sem eru lengi að læra texta vegna málhömlunar, börnum af erlendum uppruna og börnum sem eru óörugg og vilja ekki syngja með nema þau séu alveg viss um að þau kunni allan textann.

Á þessu ári var bókabíó í vinastund nýung sem að mæltist vel fyrir hjá börnum og kennurum. Þá er saga lesin og myndirnar sýndar með skjávarpa. Sagan er gjarnan með endurtekningum sem að börnin hafa eftir eða börnin taka þátt í sögunni á einhvern hátt.



Á síðasta skólaári gekk vel að vinna með málshátt mánaðarins en þetta skólaárið hefur það oftast gleymst. Einnig mættum við bæta okkur í að vinna markvisst með tákni vikunnar.

Þrisvar í viku fóru börn af erlendum uppruna í málörvun. Þessar stundir gengu vel og voru reglulega í vetur. Börn sem þurfa meiri málörvun voru einnig í litlum málörvunarhóp sem að gekk vel en þær stundir féllu aðeins niður.

Þetta er fyrsta skólaárið sem við notum TRAS. Tveir kennarar á deildinni hafa farið á námskeið og náðu að fylla það út einu sinni fyrir hvert barn. Þetta var nokkuð tímafrekt þar sem við vorum að gera þetta í fyrsta sinn en á næsta ári stefnum við á að ná tveimur skráningum á ári fyrir hvert barn.

Við gerum ritmálið sýnilegt á margvíslegan hátt. Kennari skráir gjarnan niður umræður og margir hlutir á deildinni eru merktir t.d. klukka, stóll og hilla. Til stóð að merkja þessa hluti á tungumálum barnanna á deildinni en ekki varð af því.

Þetta skólaárið ákváðum við að Lubbi væri ekki í samverustund heldur færi sá hópur sem ekki fer í gönguferð í Lubbastund. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel. Börnin fá tækifæri til að æfa sig að skrifa stafinn sem unnið var með hverju sinni auk þess að teikna myndir t.d. fána þegar við unnum með f-hljóðið. Einnig voru útbúin myndaspjöld með viðeigandi myndum fyrir hvert hljóð og börnin höfðu mikinn áhuga á að skoða þau.

### Grænfáninn – lýðheilsa

Fífuborg er Grænfánaleikskóli og núna erum við með lýðheilsuþema. Börnin á Dvergheimum fylltu tvisvar út í vetur gátlista um lýðheilsuna og lögðu þar mat á hvort leikskólinn væri að sinna lýðheilsunni t.d. hvort þau fengju ávexti og grænmeti daglega, hvort þau færu út að leika og hvort þau ætti vini. Þegar gátlistinn var fylltur út



kom í ljós að ekki þekktu öll börnin neyðarnúmerið 112 og því höfum við rifjað það reglulega upp;

einn munnur, eitt nef og tvö augu. Þegar börnin voru spurð hvað þau vildu gera tengt lýðheilsunni nefndu mörg að þeim fannst gaman að leika í því sem málað var á stéttarnar í garðinum sumarið 2018. Það verður endurnýjað sumarið 2019.



Við erum afar ánægð með að loks sé komin hjólageymsla í Fífuborg fyrir börn og starfsmenn. Það er mikilvægt að það sé raunhæfur





valkostur að geta komið á hjóli í leikskólann og hefur hjólageymslan verið vel nýtt.

Ella endurvinnsludúkka er brúða sem er fulltrúi Grænfána verkefnisins í Fífuborg. Ella á að koma mánaðarlega inn á hverja deild og fræða börnin um eitthvað tengt umhverfismálum. Því miður höfum við á Dvergheimum gleymt Ellu nokkrum sinnum í vetur og viljum við bæta okkur í að muna eftir henni. Þegar Ella kemur eru börnin mjög áhugasöm um fræðsluna. Einnig höfum við hengt fræðsluspjaldið upp fyrir framan deildina og sjáum að börnin eru mjög áhugasöm um að sýna foreldrum sínum. Ella hefur komið með okkur í gönguferðir nokkrum sinnum og það finnst börnunum mjög gaman. Við erum með fjölnota poka í gönguferðarbakpokanum og börnin eru mjög áhugasöm um að tína rusl. Við höfum gjarnan flokkað ruslið með börnunum þegar komið er á leikskólann. Fífuborg fagnaði 26 ára afmæli í janúar og af því tilefni gaf Ella endurvinnsludúkka leikskólanum lag um sig sem er umhverfissáttmáli leikskólans.

Við ræðum gjarnan um uppruna og hollustu matarins því að það er oft fjarlæggt börnum í nútímanum. Hluti af því er að prófa að rækta grænmeti. Á vormánuðum sáðum við karsafræjum bæði í bómull og mold. Einnig settum við forræktað salat í mold. Karsinn óx vel og salatið líka. Mörg barnanna voru tilbúin að smakka og flestum fannst það bragðgott.

Gönguferðir hafa gengið mjög vel í vetur og sjaldan fallið niður. Í ár seinkuðum við verkefninu þar sem öll heimili barnanna eru heimsótt og gekk það mun betur heldur en síðasta skólaár.

Í haust sækjum við um að fá Grænfánann í fjórða sinn fyrir lýðheilsuþemað og munum í framhaldi ákveða næsta þema.



## Vinátta

Vináttuverkefnið hefur gengið vel á Dvergheimum. Börnin fara einu sinni í viku í Vináttustund í litlum hópum. Þá hafa umræðurnar yfirleitt gengið vel og börnin eru dugleg að tjá sig. Þar sem Vináttustundin er núna í hópastarfinu hefur líka gefist tími til að syngja lögin og gera slökunaræfingar. Við hengjum spjaldið sem unnið var með fyrir framan deildina og sjáum oft börn og foreldra staldra við það og ræða saman. Börnin grípa gjarnan í bangsana í daglegu amstri og ef að einhverju barni líður ekki vel eru hin börnin dugleg að færa því hjálparbangsann til huggunar. Við viljum gjarnan vera enn duglegri að tengja Blæ og Vináttuverkefnið við daglegt starf og í því skyni verða útbúin lítil spjöld úr námsefninu til að grípa í þegar eitthvað kemur upp á í samskiptum barnanna.



## Námskrá Fífuborgar og deildarnámskrár

Námskrá Fífuborgar hefur verið uppfærð og yfirfarin af foreldraráði. Það er mikilvægt að yfirfara námskrána reglulega og halda henni lifandi. Einnig náðist að uppfæra og samræma deildarnámskrá. Þess var vel gætt að stígandi væri skýr og til staðar í deildarnámskránum. Við erum afar ánægðar með að þessi vinna hafi náðst þar sem námskrárnar nýtast vel til að gera allt starf leikskólans markvissara.



**Könnunaraðferðin:** Fífuborg fékk þróunarstyrk til að efla kunnáttu starfsmanna í könnunaraðferðinni og vinna markvissara með hana í leikskólanum og því er hún einn af umbótaþáttunum fyrir næsta vetur.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaradilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Grænfáninn-Lýðheilsa</b>	Að tengja Ellu endurvinnslu-dúkku betur við umræður með barnahópnum til að vinnan verði markvissari og sýnilegri fyrir börnunum.	Hafa mynd af Ellu endurvinnslu-dúkku sem er sýnileg börnum til að þau tengi umræður betur við hana.	Veturinn 2019 – 2020	Allir starfsmenn	a)Ræða á deildarfundum með starfsmönnum um, hvernig gengur og hvað má betur fara b)Ræða við börnin um þeirra upplifun.	Að börnin læri að vera meðvituð um umhverfi sitt og öðlist virðingu gagnvart því. Fræðist um umhverfismál og hvað flokkun á sorpi og nýting matvæla er mikilvæg fyrir framtíð okkar.
<b>Vinátta</b>	Að við notum Blæ og vísu í hann í daglegu amstri þar sem árekstrar koma oft upp.	Að útbúa mynd af Blæ og því sem Blæ kennir okkur sem er sýnileg börnunum og auðvelt að grípa til í daglegu starfi.	Veturinn 2019 - 2020	Allir starfsmenn	Munnlegt endurmat með börnum og á deildarfundum með starfsmönnum um vor 2020.	Að börnin eigi jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau þrói með sér samkennd og vináttu og geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað.
<b>Hlutverk starfsmanna í leik</b>	Að efla börnin í frjálsum leik. Að geta betur aðstoðað þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik og haldast í leik.	Að allir starfsmenn prófi að gera skráningu á leik barna og sjái þannig betur hvaða börn þurfa aðstoð og við hvað þau þurfa aðstoð.	Veturinn 2019 - 2020	Allir starfsmenn	Deildarfundir til að ræða hvernig gengur og hvað má bæta.	Að börnin öðlist betri leikfærni og að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna.



<b>Könnunaraðferðin</b>	Að vinna markvisst með könnunaraðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleit og sköpun barna.	Starfsfólk fái fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi. Starfsfólk læri að skrá niður vinnu barna.	Veturinn 2019-2020	Stjórnendur og deildarstjórar	Umræða á deildarfundum og starfsdögum reglulega yfir veturinn.	Starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja þekkingarleit barna. Börnin fái verkefni sem vekja áhuga þeirra og hvetja þau til að rannsaka, kanna og leita lausna. Að börnin fái tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragð.
<b>Námskrá, deildarnámskrá</b>	Að nýta þær í leik og starfi á deildinni.	Kynna fyrir starfsmönnum til þess að starf deildarinnar verði markvissara.	Veturinn 2019 - 2020	Deildarstjóri	Ræða á deildarfundum/starfsdögum	Að deildarnámskráin sé notuð til að endurmeta starfið og til að fylgjast með hvort við séum ekki að vinna með alla þætti í námskránni.
<b>Málörvun í leik</b>	Að æfa markvissar tákni vikunnar og málshátt mánaðarins  Að vinna markvisst með lykilorð úr bókum í sögustundum.  Að gera tungumál allra barnanna á deildinni sýnilegt.	Að muna eftir að rifja upp tákni vikunnar og málshátt mánaðarins reglulega í samverustundum.  Að breyta bókaorminum í orðaorm þar sem eitt orð er skráð úr hverri bók, það rætt og auðvelt er að rifja það upp.  Að merkja hluti á deildinni með tungumálum barnanna á deildinni.	Skólaárið 2019-2020.	Allir starfsmenn	Á deildarfundum með stafsólki deildarinnar regluleg yfir árið.  Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2020.	Að efla börnin í að nota <i>Tákn með tali</i> og þau kynnist íslenskum málsháttum.  Að efla orðaforða barnanna.



## 6 Innra mat Hulduheima

Matsnefnd Fífaborgar ákvað að skoða þrjá þætti í starfinu á skólaárinu 2018-2019. Þeir eru:

- Málörvun í leik,
- Grænfáni, lýðheilsa,
- Vinátta
- Námskrá Fífaborgar og deildarnámskrá.

### Málörvun í leik

Starfsmenn eru meðvitaðri eftir umbæturnar að nýta þau tækifæri sem skapast og útskýra orð og hugtök sem koma upp t.d. í sögustundum, söngstundum, fataklefa, matartíma og fleiri tækifærum sem skapast. Spilin eru notuð meira og hafa börnin mjög gaman af því. Hlutverkaleikur er mjög vinsæll og þar reynir á að börnin noti málið til að skilja hvort annað og geta átt samskipti. Það hefur gengið betur að fá börnin til að svara í heilum setningum t.d. „má ég fá grænmeti?“ eða „viltu rétta mér kartöflurnar?“. Við höfum verið að hvetja börnin til að spyrja um orð sem þau skilja ekki og hafa sum þeirra verið dugleg að spyrja. Starfsmenn eru líka duglegri að spyrja þau um orð sem koma fyrir í sögu- eða söngtexta.



Börn af erlendum uppruna hafa farið í auka málörvunarstundir með Hrund sérkennslustjóra þar sem markvisst hefur verið tekið fyrir orðaforði og útskýring orða. Starfsmenn hafa verið duglegri að nota *taka10* með börnum sem lítið ber á og sýna þeim athygli og ræða sérstaklega við þau í 10 mínútur á dag. Það má bæta og hafa markvissa skráningu þar um.

Einnig þarf að efla og nota meira tákn vikunnar í samveru og skráning orða sem hengd eru á vegg hefur ekki gengið eftir. Við höfum skráð bækur sem lesnar hafa verið í sögustund í bókaorm sem hangir á vegg deildarinnar en það mætti vera markvissara.

Við hefðum mátt vera duglegri við að skrá orð og útskýringar til að gera þetta meira sýnilegra öllum foreldrum og börnum. Það er hugmyndin að nota bókaormakerfið fyrir orðaskráningu líka. Einnig þurfum við að merkja hluti og annað með sýnilegum orðum í umhverfinu hjá okkur.

Bókabíó hefur verið nokkrum sinnum í vetur en þá er saga lesin og myndvarpi notaður til að sýna myndir á vegg.



Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðri um að setja orð á athafnir til að börnin heyri stuttar og langar setningar um ýmsar daglegar athafnir þeirra s.s. „settu skóna þína í hilluna“ og „ég sé að þú settir sjálf skóna þína í hilluna“.

TRAS hefur verið innleitt og eru tveir starfsmenn af fjórum búnir að fara á námskeið.

### Grænfáninn – lýðheilsa

Komin er geymsla fyrir hjól starfsmanna og barna þannig að þeir sem hafa tök á geta komið á hjólum og geymt þau á öruggum stað.

Í lok apríl sáðum við karsa fræjum og fylgdust börnin spennt með þeim spíra og verða að plöntum til að geta smakkað. Það var misjafnt hvað þeim fannst um bragðið af þessu karsasalati, sumum fannst það sterkt en aðrir fundu ekkert bragð. Við settum einnig klettsalat í mold og reyndum að fá það til að blómstra aftur og er það enn í vinnslu.



Börnin á Hulduheimum fylltu tvisvar í vetur út gátlista um lýðheilsu og lögðu þar mat á hvort leikskólinn væri að sinna lýðheilsu t.d. hvort þau fengju ávexti og grænmeti daglega, hvort þau færu út að leika og hvort þau ætти vini. Börnin þekktu neyðarnúmerið 112 og notuðu; einn munnur, eitt nef og tvö augu. Þegar börnin voru spurð hvað þau vildu gera tengt lýðheilsunni nefndu mörg að vera góðir vinir og leika við önnur börn. Þau vilja borða meira grænmeti og hollan mat. Þeim finnst gaman að leika úti, fara í gönguferðir og leika í því sem málað var á stéttarnar í garðinum sumarið 2018. Það verður endurnýjað sumarið 2019.

Ella endurvinnsludúkka er fulltrúi Grænfánaverkefnisins í Fífuborg. Ella hefur komið einu sinni í mánuði til að fræða börnin um umhverfismál og hefur sú vinna gengið vel. Áður en lagt er af stað í gönguferðir er rifjað upp það umræðuefni tengt Ellu endurvinnsludúkku, sem síðast var til umræðu. Fífuborg fagnaði 26 ára afmæli í janúar og af því tilefni gaf Ella endurvinnsludúkka leikskólanum lag um sig sem er umhverfissáttmáli leikskólans.

Í haust sækjum við um að fá Grænfánann í fjórða sinn fyrir lýðheilsuþemað og munum í framhaldi ákveða næsta þema.



## Vinátta

Vináttuverkefnið hefur gengið vel og hefur verið unnið með það markvisst einu sinni í viku. Oftast er unnið í tveimur hópum. Umræður hafa yfirleitt gengið vel og börnin dugleg að tjá sig. Börnin ná í bangsana, sér til huggunar þegar þau eru í leik ef þeim líður ekki vel eða eru leið. Kennarar þurfa að minna börnin á hvað rætt hefur verið í Vináttustundum þegar það á við í samskiptum þeirra. Við viljum reyna að tengja Vináttuverkefnið meira heim til barnanna til þess að námsefnið nýtist betur bæði fyrir börn og foreldra og til að skapa umræður heima um samskipti og vináttu.



## Námskrá Fífuborgar og Deildarnámskrár

Vinna við Námskrá Fífuborgar lauk í vetur og hefur verið kynnt fyrir foreldraráði og fékk hún góða umsögn. Deildarstjórar hafa unnið að deildarnámskrám í vetur, vinnan við námskrárnar hefur gengið vel og voru þær kláraðar í sumar.

**Könnunaraðferðin:** Fífuborg fékk þróunarstyrk til að efla kunnáttu starfsmanna í könnunaraðferðinni og vinna markvissara með hana í leikskólanum og því er hún einn af umbótarþáttunum fyrir næsta vetur.



## Umbótaþættir Hulduheimum

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaradilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Grænfáninn-Lýðheilsa</b>	Að tengja Ellu endurvinnsludúkkum betur við umræður með barnahópnum til að vinnan verði markvissari og sýnilegri fyrir börnunum.	Hafa mynd af Ellu endurvinnsludúkkum sem er sýnileg börnum til að þau tengi hana við umræðuna og rifjað upp hvað hefur verið rætt um hvert sinn.	Veturinn 2019 – 2020	Deildarstjóri	a)Ræða á deildarfundum með starfsmönnum, hvernig gengur og hvað má betur fara b)Ræða við börnin um þeirra upplifun.	Að börnin læri að vera meðvituð um umhverfi sitt og öðlist því virðingu fyrir því. Fræðist um umhverfismál og hvað flokkun á sorpi og nýting matvæla er mikilvæg fyrir framtíð okkar.
<b>Vinátta</b>	Að öll börn fái fræðslu og þjálfun í að vera góðir vinir með Vináttuverkefni Barnaheilla.	Að hengja upp á vegg spjöldin sem unnið er með hverju sinni þannig að þau verði sýnileg fyrir börn, starfsfólk og foreldra.	Veturinn 2019 - 2020	Allir starfsmenn	Munnlegt endurmat með börnum og á deildarfundum um með starfsmönnum um vor 2020.	Að börnin eigi jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau þrói með sér samkennd og vináttu og geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað.
<b>Hlutverk starfsmanna í leik</b>	Að efla börnin í frjálsum leik.	Hafa leikfangalaus daga þar sem einungis opinn efniviður er í boð.	Veturinn 2019 - 2020	Allir starfsmenn	Deildarfundir til að ræða hvernig gengur og hvað má bæta.	Að börnin öðlist betri leikfærni og að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna og mynda tengsl við þau í gegnum leik.
<b>Könnunaraðferðin</b>	Að vinna markvist með könnunaraðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleit og sköpun barna.	Starfsfólk fái fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi. Starfsfólk læri að skrá niður vinnu barna.	Veturinn 2019-2020	Stjórnendur og deildarstjorar	Umræða á deildarfundum um og starfsdögum reglulega yfir veturinn.	Starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja þekkingarleit barna. Börnin fái verkefni sem vekja áhuga þeirra og hvetja þau til að rannsaka, kanna og leita lausna. Að börnin fái tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragð.
<b>Námskrá, deildarnámskrá</b>	Að nýta þær í leik og starfi á deildinni.	Kynna fyrir starfsmönnum til að auka virkni notkunar á námskrá og deildarnámskrá. Gera deildarnámskrá sýnilegri í öllu starfi á deildinni.	Veturinn 2019 - 2020	Deildarstjóri	Ræða á deildarfundum/starfsdögum um	Að deildarnámskráin sé notuð til að endurmeta starfið og til að fylgjast með hvort við séum ekki að vinna með alla þætti í námskránni.



<p><b>Málörvun í leik</b></p>	<p>Að starfsfólk noti skráningarblöð fyrir „taka 10“.</p> <p>Að nota <i>Tákn með tali</i>.</p> <p>Að vinna markvisst með lykilorð úr bókum.</p> <p>Að starfsmenn séu meðvitaðri um að setja orð á athafnir.</p>	<p>Að útbúa og nota þar til gerð skráningarblöð til að skrá niður þegar starfsmaður „tekur 10“ með þeim börnum sem þurfa.</p> <p>Að muna eftir að rifja upp tákn vikunnar reglulega í samverustundum.</p> <p>Að vera duglegri að skrá 1-2 orð í sögustund til að ræða, skrifa þau á blað og setja á vegg til að efla umræðu um orðin og rifja upp hvað þau merkja.</p> <p>Að búa til <i>Orðaorm</i> (eins og bókaormur) þar sem lykilorðum úr bókunum sem eru lesnar fyrir börnin er safnað saman.</p> <p>Að starfsmenn setji orð á athafnir til að börnin heyri stuttar og langar setningar um ýmsar daglegar athafnir þeirra s.s. „settu skóna þína í hilluna“. „ég sé að þú settir sjálf skóna þína í hilluna“.</p>	<p>Skólaárið 2019-2020.</p>	<p>Deildar-Stjóri.</p>	<p>Á deildarfundum um með starfsfólki deildarinnar regluleg yfir árið.</p> <p>Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum um vor 2020.</p> <p>Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir skólaárið 2019- 2020.</p>	<p>Að starfsfólk þekki hvaða börn þarf að huga sérstaklega að.</p> <p>Að efla börnin í að nota <i>Tákn með tali</i>.</p> <p>Að efla orðaforða barnanna.</p>
-------------------------------	---	--	-----------------------------	------------------------	--	---





## 7 Ytra mat

### Foreldrakannanir á vegum leikskólans

#### **Þjóðhátíð Fífuborgar**

Í júlí 2018 var rafræn könnun send til foreldra í Fífuborg til þess að kanna upplifun þeirra af þjóðhátíðinni sem haldin var 15. júní 2018 þegar foreldrar tóku þátt í fyrsta sinn. Spurt var m.a. um hvort foreldrar væru hlynntir því að halda þjóðhátíðina kl. 10:00 um morguninn eins og verið hefur undanfarin ár eða kl. 15:00 í eftirmiðdaginn. Samkvæmt niðurstöðum hennar var lítill meirihluti (54,55%) foreldra hlynntur því að hún sé haldin kl. 15:00 en 45,45% hlynntir því að hún sé haldin kl. 10:00. Þessar niðurstöður urðu til þess að ákveðið var að halda þjóðhátíðina kl. 15:00 þetta árið og bjóða foreldrum að vera með okkur eins og í fyrra. Þetta fyrirkomulag kom mjög vel út og verulega ánægjulegt að sjá hversu margir foreldrar sáu sér fært að mæta. Mikilvægt er að foreldrar geti haft áhrif á fyrirkomulag þjóðhátíðarinnar og því hefur sú ákvörðun verið tekin að senda nýja könnun í júní/júlí 2019 til foreldra vegna hennar þar sem spurt verður m.a. um upplifun foreldra, hvort tímasetningin hafi verið góð og hvort eitthvað mætti betur fara.



#### **Foreldrakönnun um umhverfismennt í Fífuborg**

Haustið 2018 var send könnun til foreldra um umhverfismennt í Fífuborg. Þátttaka var ágæt og niðurstöðurnar jákvæðar. Það er gott að vita að flestir foreldrar þekkja vel til starfsins hjá okkur og



telja okkur vera að vinna eftir því sem við segjumst standa fyrir.

Um 63 % svarenda þekkir vel eða mjög vel til Grænánaverkefnis Fífuborgar og 73% þeirra þekkir til Ellu endurvinnsludúkkku. Ella endurvinnsludúkkka er brúða sem kemur og fræðir börnin um umhverfisvernd.

Um 80% svarenda telur að börnin fái að kynnst lýðræðislegum vinnubrögðum í leikskólanum og 97% þeirra telur að markvisst sé unnið að því að efla samvinnu og samfélagskennd á meðal barnanna.

Um 97% svarenda telja að leikskólinn vinni markvisst að því að auka umhverfisvitund barnanna og 82% þeirra telja að börnin fái fræðslu og kennslu um hvernig vinna megi að bættu umhverfi t.d. með því að flokka og fara sparlega með sápu.

Um 67% svarenda telja að leikskólinn vinni að því að minnka úrgang og minnka notkun á vatni og rafmagni. Út frá þessari niðurstöðu sjáum við að nauðsynlegt er að gera vinnuna með Ellu endurvinnsludúkku markvissari og sýnilegri gagnvart foreldrum.

## **Kannanir á vegum Reykjavíkurborgar**

### **Starfsmannakönnun á vegum Reykjavíkurborgar**

Í vetur var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hún var gerð á vegum Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar og náði til 8.894 starfsmanna. Alls bárust 4.871 svör og var svarhlutfall því 55%. Um 2.897 bárust frá Skóla- og frístundarsviði. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta, svo sem starfsánægju, starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá.

Í niðurstöðum var reiknuð þáttaeinkunn fyrir hvern þátt á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög jákvæðar fyrir leikskólann Fífuborg. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að mikill meirihluti þeirra starfsmanna Fífuborgar sem tóku þátt í henni eru ánægðir í starfi eða 4,68 af 5 mögulegum. Einnig telur mikill meirihluti þátttakenda að leikskólanum sé vel stjórnað (4,63) og flestir telja sig starfa í hvetjandi og jákvæðu starfsumhverfi (4,43). Mikill meirihluti svarenda telur starfsandann í Fífuborg vera mjög góðan eða 4,82 og það sama gildir um ímynd leikskólans en mikill meirihluti þátttakenda telur að ímynd leikskólans sé góð (4,87). Starfsfólk er aftur á móti ekki eins ánægt með vinnuaðstöðu sína en þar er meðalskorið aðeins 3,26 af 5 mögulegum. Þetta er þáttur sem stjórnendur leikskólans geta því miður ekki haft mikil áhrif á þar sem þessi þáttur snýst aðallega um fjármagn. Slæm vinnuaðstaða í tilfelli Fífuborgar felst aðallega í því að í leikskólanum eru mikil þrengsli, s.s. lítið vinnuþláss, léleg aðstaða fyrir börn sem þurfa sérþjálfun vegna sérkennslu og einungis eitt starfsmannaklósett. Starfsfólk Fífuborgar telur að byggja þurfi við leikskólann til þess að hægt sé að bæta úr vinnuaðstöðu þess. Við höldum því áfram á sömu braut og vonumst til að fljótlega verði gerðar úrbætur á starfsumhverfi Fífuborgar.



## Foreldrakönnun á vegum Reykjavíkurborgar

Í vetur var send könnun á vegum Reykjavíkurborgar til foreldra og forráðamanna barna í leikskólum borgarinnar. Tilgangur könnunarinnar var að gefa foreldrum tækifæri til að tjá sig, að fá fram viðhorf þeirra til starfsemi leikskólanna og vellíðan barna þeirra í þeim. Einnig til þess að veita stjórnendum og starfsfólki endurgjöf á störf sín. Undirbúningur og framkvæmd hennar fór fram dagana 6. mars til 15. maí 2019 og var framkvæmd rafrænt og með úthringingum til að ná upp svörun. Könnunin var send til alls 4.583 foreldra/forráðamanna barna í leikskólum Reykjavíkur og svarhlutfall var 68,8% . Svarhlutfall foreldra/forráðamanna Fífuborgar var 74,2%.

Í niðurstöðum var reiknuð þáttaeinkunn fyrir hvern þátt á bilinu 1 til 5 og er hærrí einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að mikill meirihluti foreldra í Fífuborg sem tóku þátt í henni eru ánægðir með leikskólann eða 4,78 af 5 mögulegum. Einnig telur mikill meirihluti svarenda að það ríki notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum (4,71). Flestir þeirra sem tóku þátt telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum eða 4,53 og meirihluti þeirra telur að barnið sitt sé öruggt í leikskólanum (4,69). Meirihluti svarenda telja að skólanum sé vel stjórnað eða 4,53. Mikill meirihluti svarenda telur sig einnig fá góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum eða 4,83. Samanborið við heildarniðurstöður í Reykjavík þá kemur leikskólinn Fífuborg mjög vel út úr þessari könnun. Við höldum því áfram á sömu braut.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætl un	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Þjóðhátíð Fífuborgar</b>	Að foreldrar geti haft áhrif á fyrirkomulag þjóðhátíðarinnar	Könnun	júní – júlí 2019	Aðstoðarleik- skólastjóri	Könnun	Að foreldrar taki virkan þátt í leik- skólastarfinu og sýni því áhuga
<b>Ella endur- vinnsludúkkja</b>	Að gera vinnuna með Ellu endurvinnslu- dúkkju markvissari og sýnilegri gagnvart foreldrum	Sjá innra mat deilda	2019- 2020	Deildarstjórar	Sjá innra mat deilda	Sjá innra mat deilda



## 8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar og mars eins og undanfarin ár. Á næsta ári munu þessi samtöl verða skipulögð á svipuðum tíma. Samtölin eru boðuð með góðum fyrirvara og fara fram á skrifstofu leikskólastjóra. Tilgangur starfsþróunarsamtalanna er meðal annars að ræða óskir starfsmanna varðandi starfsþróun. Einnig er rætt um faglegt starf í leikskólanum og mikil áhersla er lögð á að ræða líðan starfsmanna, samstarf og vinnuaðstæður.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2018-2019:

Tímabil	Námskeið - fyrirlestrar
31.08.18.	Ráðstefna á vegum landlæknisembættisins um heilsueflandi skólastarf. Jákvæð menntun í heilsueflandi skólastarfi. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
19.09.18	APES Greiningarmiðstöðin. Sérkennari
12.09.18	Qlick Sense. Aðstoðarleikskólastjóri
30.10.18 12.12.18	Fagnámskeið 1. Einn starfsmaður
09.11.18, 13.11.18	Endurmenntun HÍ. Að ná hámarki í lífi og starfi Að verða betri en ég er. Leikskólakennari.
13.11.18. 04.12.18.	Tras málþroskaskráning (réttindanámskeið) leikskólakennari, grunnskólakennari, sérkennslustjóri og leikskólastjóri
14.11.18 17.11.18	Naeyc ráðstefna í Washington. Sérkennslustjóri
18.01.19	Fyrirlestur um persónuverndar og áhættumat Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.
24.01.19. 20.02.19.	TRAS málþroskaskráning (réttindanámskeið) aðstoðarleikskólastjóri, tveir sérkennarar og einn leikskólakennari
07.11.18 31.01.19	Leiðtogaskólinn 5 hálfir dagar. Tveir deildarstjórar
11.01.19	UTD Þórhallur kom og kenndi öllum á Microsoft Office 365
17.01.19 23.01.19	Vináttunámskeið Barnaheilla. Allir starfsmenn yngri barna deilda
07.02.19	Ráðstefna SFS. Sá sem er glaður er góður, sóttu leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og tveir deildarstjórar. Tekið var á móti hvatningarverðlaunum fyrir leikskólann Fífuborg
21.02.19	Forystunám leikskólastjóri 9 lotur
19.02.19	Landsfundur Landverndar. Fræðsla um menntun til sjálfbærni. Deildarstjóri
22.02.19	Látum draumana rætast. Fræðsla vegna Menntastefnu RVK í Borgarleikhúsinu, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
27.02.19	HÍ Tengslavandi barna, sérkennari
12.03.19	Valan námskeið, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri



22.03.19	Stefnumótun og þróunarstarf, nýsköpun og rannsóknir- menntavísindasvið aðstoðarskólastjóri, leikskólastjóri
27.03.19	Fræðslufundur fyrir tengiliði fjölmenningar. Sérkennslustjóri
26.02.19-03.04.19	Fagnámskeið 2, þrjú starfsmenn þrjú hálfir dagar í viku í sex vikur
07.05.19	Að leggja grunn – hagnýtar og gagnreyndar aðferðir í beitingu snemmtækrar íhlutunar í málörvun. Deildarstjóri
24.05.19	Barnasáttmálinn Ellen Calmon. Allir starfsmenn leikskólans
24.05.19	Kynbundið ofbeldi og jafnréttisfræðsla. Kolbrún Hrund. Allir starfsmenn leikskólans
24.05.19	Fræðsla um barnavernd og tilkynningarskyldu. Leikskólastjóri sá um fræðsluna fyrir alla starfsmenn
04.06.19	Örnámskeið í Bitsbord appi fyrir Ipad, áhersla á að börnin læri að búa til eigin borð. Einn leikskólakennari

**Skólaárið 2019-2020** stefnum við að því að fá fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi haustið 2019 um Könnunaraðferðina og hlutverk starfsmanna í leik barna, en fræðsla vegna könnunaraðferðarinnar tengist þróunarverkefninu sem við hefjum haustið 2019. Þróunarverkefnið heitir *Litlu könnuðirnir*. Einnig vilja starfsmenn Fífaborgar leggja meiri áherslu á að gera starfið með Ellu endurvinnsludúkku sem fræðir börnin um umhverfismál sýnilegra. Grænfána-Lýðheilsuáhersla skólans tengist umhverfismenntuninni í tengslum við Ellu. Þetta viljum við gera með því að miðla og styrkja hvort annað í daglegu starfi innan starfshópsins og miðla upplýsingum á fundum/skipulagsdögum. Aðstoðarskólastjóri stefnir að því að sækja stjórnunarnámskeið og forystunámskeið ef þau verða í boði á næsta starfsári. Skyndihjálparnámskeið verður í haust sem er skyldunámskeið sem er haldið annað hvort ár. Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir, komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Eins og undanfarin ár nýtum við einnig skipulagsdagana vel fyrir starfsþróun og endurmat.



## 9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Rimaskóla gekk mjög vel skólaárið 2018 - 2019. Um haustið var samráðsfundur með leikskólastjórnendum í Rimahverfi og skólastjóra Rimaskóla. Í kjölfarið fékk leikskólinn í hendurnar skipulag eða tímáætlun á heimsóknnum elstu barna í skólann. Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár, þ.e. 2019 – 2020, en hún mun verða tilbúin í byrjun september. Gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og hún var síðast liðinn vetur:

- Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október 2019
- Föstudagsfjör í desember 2019
- Danstími í Rimaskóla í janúar 2020
- Íþróttatími í Rimaskóla í nóvember 2019 og febrúar 2020
- Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars 2020
- Heimsókn í Frístund í apríl 2020
- Skoðunarferð um skólann í maí 2020
- Farið yfir niðurstöður úr HLJÓM – 2 á fundi með kennurum beggja skólastiga og forstöðumanni í Frístund í maí 2020

Yfir skólaárið höfum við einnig fengið heimsóknir frá Rimaskóla. Nemendur í fyrsta bekk komu í heimsókn í upphafi haustsins og nemendur í 4. bekk komu í leikskólann á *Degi íslenskrar tungu* og lásu fyrir börnin í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að þessar heimsóknir verði með svipuðu sniði og þær voru í vetur.

[Hér má finna Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla Rimahverfis um mál og læsi](#)

### 9.1 Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna

Leikskólarnir þrír í Rimahverfi, Fífuborg, Lyngheimar og Laufskálar vinna sameiginlega að því að kynna barnahópa sína á elstu deildunum fyrir hver öðrum með það að markmiði að fleiri þekkist þegar grunnskólaganga hefst. Einn leikskóli er gestgjafi í einu og fær til sín barnahópana úr hinum leikskólunum tveimur.

Allur hópurinn hittist í júní á útivistarsvæðinu við Gufunesbæ. Börnin sem nú þegar þekkjast orðið nokkuð fá tækifæri til að vinna saman að verkefnum í ólíkum hópum. Gefið er tækifæri til frjálsra leikja og snædd er máltíð með léttum brag. Að tilheyra leikskólahóp er oft



krefjandi verkefni og því áskorun að takast á við að tilheyra en stærri hóp þegar komið er í 1. bekk grunnskóla. Við viljum styðja börnin og stuðla að vináttu þeirra leikskóla á milli. Við teljum aðferðir leikskólans þar sem leikurinn er í hávegum hafður tilvalinn leið til að styrkja tengsl þessara barna.

## 9.2 Sameiginleg eineltisáætlun fyrir leikskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi

Aðstoðarleikskólastjórar í Grafarvogi og á Kjalarnesi hafa unnið að því undanfarna mánuði að útbúa sameiginlega eineltisáætlun fyrir leikskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Þeirri vinnu lauk í maí 2019 og er eineltisáætlunin *Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi* komin á heimasíðu leikskólans. Markmið sameiginlegrar eineltisáætlunar er að skapa samhljóm í forvarnavinnu leikskólanna í hverfinu.

### [Hér má finna eineltisáætlun Grafarvogs og Kjalarness](#)

## 9.3 Samstarf við Korpúlfa

Í desember ár hvert fara elstu börnin í Fífuborg í Borgir (félagsmiðstöð eldri borgara sem kalla sig Korpúlfa) og syngja með eldri borgurum og kórnum þeirra og einnig hafa þau sýnt helgileik við mikinn fögnuð. Jóhann Helgason Korpúlfur kom í Fífuborg og æfði jólalögina með elstu börnunum okkar og spilaði undir á harmonikku.



## 10 Foreldrasamvinna

Síðastliðið haust var reglum samkvæmt kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar. Við leikskólann starfar foreldraráð. Í því sitja fimm fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðilar um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Kosið var í foreldraráð á foreldrafundum í september 2018. Næst verður kosið á foreldrafundum í september 2019. Foreldraráðið hélt 4 fundi í vetur og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári. Einnig skilaði foreldraráð umsögn um námskrá Fífuborgar sem var uppfærð í vetur.

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja sjö fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags. Eins og undanfarin ár stóð stjórn foreldrafélags Fífuborgar fyrir sveitaferð, tveimur leiksýningum, skemmtilegum jólasveini fyrir jólaballið og lúðrasveit fyrir þjóðhátíð Fífuborgar.



Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 17. - 20. september 2019. Hulduheimar þann 17., Dvergheimar þann 18., Álfheimar þann 19. og Ljósheimar þann 20. september.

Foreldraviðtöl að hausti byrja 4. nóvember 2019 og foreldraviðtöl að vori byrja 9. mars 2020. Ljósheimar byrja á viðtölum, síðan Álfheimar, svo Dvergheimum og að síðustu Hulduheimar.

## **11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Sjá fylgiskjal 4.

## **12 Fylgigögn**

12.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

12.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

12.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

12.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal

12.5 Fylgiskjal 5 – Matsgögn

12.6 Fylgiskjal 6 – Jafnréttisáætlun Fífuborgar.

Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2019 – 2020

F. h. leikskólans Fífuborgar

Sæunn Elfa Pedersen  
Leikskólastjóri

08.júlí 2019  
Dagsetning

Helga Sigurðardóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri





# Fylgiskjal 1

## Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fífuborg starfar samkvæmt hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar. Barnið er fyrst og fremst leikskólabarn og er stefnt að því að mæta þörfum þess innan barnahópsins og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið. Að barnið geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu og að allir kennarar séu virkir þátttakendur í námi þess. Ef þörf er á er unnið með minni hópa og í einstaklingsþjálfun.

Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns er lögum samkvæmt hlutast til um málið. Í samstarfi við foreldra er rætt um hvað leikskólinn getur gert til að efla þroska barnsins og matslistar, skimanir og athuganir notaðar til að greina betur stuðningsþörf. Ef þörf er á getur leikskólinn leitað eftir þjónustu sérfræðinga, félagsráðgjafa, hegðunarráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðings sem starfa hjá þjónustumiðstöðinni Miðgarði hjá Reykjavíkurborg og er það gert í samráði við foreldra. Sérfræðingar Miðgarðs gera formlega athugun á þroska barnsins með viðeigandi matstækjum.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	3	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleg lulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Eftir þörfum við GRR, ÞH-stöð, HTÍ, Æfingastöð ofl.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	



## Niðurstöður innra mats

Ákveðið var að skoða tvo þætti í sérkennslu/stuðning fyrir skólaárið 2018-2019. Þeir voru:

- Gerð einstaklingsnámskráa
- Innleiðing TRAS skráningar á málþroska barna

**Gerð einstaklingsnámskráa:** Gerð einstaklingsnámskráa gekk í heildina vel. Gerðar hafa verið einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning en voru nú einnig gerðar fyrir börn sem þurfa sértæka málörvun og tvítyngd börn.

**TRAS skráning á málþroska ungra barna:** Tíu kennarar hafa sótt TRAS námskeið og munu tveir fara þegar námskeið verður haldið næst. Tvær deildir náðu að skrá tvisvar og tvær náðu einni skráningu. Þar sem niðurstaðan er að innleiðing á TRAS hafi gengið vel fyrir sig og kennarar sjá ávinning af skráningunni s.s. í foreldraviðtölum og að sjá sterkar og veikar hliðar barnanna hefur verið ákveðið að halda áfram með TRAS skráningar.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að flokka málörvunarefni leikskólans	Að auðkenna málörvunarefni.	Allt málörvunarefni verið flokkað og litamerkt eftir notkunarmöguleikum, hvað það þjálfar og skýringar á hvað felst í hverjum flokki.	Skólaárin 2019-2021	Sérkennslustjóri og sérkennarar	Reynsla starfsfólks af notkun flokunarkerfisins metið jafnóðum og með viðtölum vor 2020 og aftur vor 2021.	Að flokkun málörvunarefnis auðveldi starfsfólki að finna viðeigandi málörvunarefni. Að málörvun verði markvissari.



## Fylgiskjal 2

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Í Fífuborg er unnið á ýmsan máta til þess að koma til móts við börn með annað móðurmál en íslensku. Fjármagni sem fylgir börnunum hefur verið ráðstafað með því að festa kaup á námsgögnum sem m.a. auka orðaforða þeirra, en einnig hefur fjármagni verið ráðstafað í málörvunartíma sem sérkennslustjóri Fífuborgar ásamt starfsfólki deilda hefur séð um í vetur. Fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks hefur verið sinnt á skipulagsdögum. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólustjóri Fífuborgar eru tengiliðir fjölmenningar í leikskólanum.



### Samskipti við foreldra barna af erlendum uppruna

- Orðalistar, skilaboðabankar, t.d. tilkynningar, auglýsingar og kveðjur (tiltækt á heimasíðu leikskólasviðs), þýðingarvélar o.fl. eru nýttar í samskiptum við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og sömuleiðis túlkabjónusta í viðtölum þegar þess er þörf.
- Túlkabjónusta er ávallt í boði og einnig er starfsfólk leikskólans sem deila sameiginlegu tungumáli með foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku boðið og búið að aðstoða.
- Myndræn skilaboð eru notuð í leikskólanum, s.s. dagskipulag og fáanar ýmissa þjóða sýnilegir og fólk boðið velkomið á mörgum tungumálum.
- Samræður við foreldra um sameiginlega ábyrgð foreldra og leikskóla um mál og læsi barna við upphaf leikskólagöngu eiga sér ávallt stað. Efni sem þegar er til, s.s. á *Foreldravef Reykjavíkurborgar* og *Upplýsingavef Árórsborgar* þar sem hægt er að finna upplýsingar um málþroska barna á mismunandi aldri á mörgum tungumálum er nýtt í þessar samræður. Foreldrum er bent á að þeir geti nálgast þessar upplýsingar á *information* hlekknum á vefsíðu leikskólans.



## Niðurstöður innra mats

Ekki voru settir fram umbótaþættir í starfsáætlun á síðasta ári vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	já	Í málörvunarstundum, í daglegu starfi, í gegnum leik, unnið með heimameningu, í þemavinnu ofl.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Í málörvunarstundum, unnið með lykilorð í sögustundum, með könnunaraðferðinni, þemastarfi ofl.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Í þemavinnu, með könnunaraðferðinni, í sögustundum, í málörvunarstundum ofl.
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Framfarir metnar með <i>Einn leikskóli, mörg tungumál</i>
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	já	Í málörvunarstundum, í sögustundum er unnið með lykilorð, með könnunaraðferðinni, í frjálsum leik, í þemavinnu, með Sögugrunninum, bókakoffort fengin að láni, börn koma með bækur að heiman ofl.

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Málörvun í gegnum leik og dagleg samskipti</b>	Að auka og gera leik og daglegt starf markvissara í vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku.	Fræðsla á skipulagsdegi að hausti Stuttar athuganir á deild, u.p.b. tvisvar sinnum.	Skólaárið 2019-2020	Tengiliðir fjölmennigar sem eru aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.	Farið yfir athuganir með starfsfólki deilda. Á skipulagsdegi að vori verði farið yfir með öllu starfsfólki.	Að starfsfólk verði meðvitaðra um gildi og mikilvægi málörvunar í gegnum leik og daglegt starf.
<b>Samvinna og samráð á milli starfsfólks</b>	Að vinna með börnum með annað móðurmál en íslensku verði markvissari og meiri samvinna og samráð á milli starfsfólks í þeirri vinnu.	Þeir sem sinna málörvun barna með annað móðurmál en íslensku hittist 2-3 á önn.	Skólaárið 2019-2020	Tengiliðir fjölmennigar sem eru aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.	Farið yfir á haust- og vorönn með þeim aðilum sem sinna málörvun barna með annað móðurmál en íslensku.	Að starfsfólk fái stuðning hvert frá öðru. Að koma meira á mótis við þarfir hvers barns.



**Starfsáætlun 2019 – 2020**  
**Leikskólinn Fífuborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Lilja Rún Sigurðardóttir  
Sólveig Dögg Alfreðsdóttir  
Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir  
Natalie Marie Ouellette  
Árni Magnússon



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**



# Fylgiskjal 4

Nafn skóla: Leikskólinn Fífluborg

## Leikskóladagatal 2019 - 2020

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

AUGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MÁJ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	1 S	1 S	1 F	1 F	1 F	1 S	1 S	1 S	1 S	1 S	1 S	1 L	1 L	1 S	1 S	1 M	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 M	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 L	2 L	2 M	2 M	2 M	2 M	2 F	2 F	2 S	2 S	2 S	2 S	2 F	2 F	2 L	2 L	2 P	2 P	2 F	2 F
3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 S	3 M	3 M	3 F	3 F
4 S	4 M	4 M	4 F	4 F	4 L	4 M	4 M	4 M	4 M	4 S	4 S	4 Þ	4 Þ	4 M	4 M	4 L	4 L	4 M	4 M	4 F	4 F	4 L	4 L
5 M	5 F	5 F	5 L	5 L	5 Þ	5 M	5 M	5 M	5 M	5 S	5 S	5 M	5 M	5 F	5 F	5 L	5 L	5 M	5 M	5 F	5 F	5 S	5 S
6 Þ	6 M	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 S	6 S	6 M	6 M	6 F	6 F	6 L	6 L	6 M	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M
7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 S	7 S	7 Þ	7 Þ	7 M	7 M	7 L	7 L	7 M	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ
8 F	8 M	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 S	8 S	8 M	8 M	8 F	8 F	8 L	8 L	8 M	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 L	9 M	9 M	9 M	9 M	9 M	9 S	9 S	9 M	9 M	9 F	9 F	9 L	9 L	9 M	9 M	9 F	9 F	9 M	9 M
10 L	10 Þ	10 Þ	10 M	10 M	10 S	10 M	10 M	10 M	10 M	10 S	10 S	10 M	10 M	10 F	10 F	10 L	10 L	10 M	10 M	10 F	10 F	10 M	10 M
11 S	11 M	11 M	11 F	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 M	11 S	11 S	11 M	11 M	11 F	11 F	11 L	11 L	11 M	11 M	11 F	11 F	11 M	11 M
12 M	12 Þ	12 Þ	12 M	12 M	12 S	12 M	12 M	12 M	12 M	12 S	12 S	12 M	12 M	12 F	12 F	12 L	12 L	12 M	12 M	12 F	12 F	12 S	12 S
13 Þ	13 M	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 S	13 S	13 M	13 M	13 F	13 F	13 L	13 L	13 M	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M
14 M	14 Þ	14 Þ	14 M	14 M	14 S	14 M	14 M	14 M	14 M	14 S	14 S	14 M	14 M	14 F	14 F	14 L	14 L	14 M	14 M	14 F	14 F	14 M	14 M
15 F	15 M	15 M	15 L	15 L	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 S	15 S	15 M	15 M	15 F	15 F	15 L	15 L	15 M	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 S	16 S	16 M	16 M	16 F	16 F	16 L	16 L	16 M	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 Þ	17 M	17 M	17 S	17 M	17 M	17 M	17 M	17 S	17 S	17 M	17 M	17 F	17 F	17 L	17 L	17 M	17 M	17 F	17 F	17 M	17 M
18 S	18 M	18 M	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 M	18 S	18 S	18 M	18 M	18 F	18 F	18 L	18 L	18 M	18 M	18 F	18 F	18 M	18 M
19 M	19 Þ	19 Þ	19 M	19 M	19 S	19 M	19 M	19 M	19 M	19 S	19 S	19 M	19 M	19 F	19 F	19 L	19 L	19 M	19 M	19 F	19 F	19 M	19 M
20 Þ	20 M	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 S	20 S	20 M	20 M	20 F	20 F	20 L	20 L	20 M	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M
21 M	21 Þ	21 Þ	21 M	21 M	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 S	21 S	21 M	21 M	21 F	21 F	21 L	21 L	21 M	21 M	21 F	21 F	21 M	21 M
22 F	22 M	22 M	22 L	22 L	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 S	22 S	22 M	22 M	22 F	22 F	22 L	22 L	22 M	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 S	23 S	23 M	23 M	23 F	23 F	23 L	23 L	23 M	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 Þ	24 M	24 M	24 S	24 M	24 M	24 M	24 M	24 S	24 S	24 M	24 M	24 F	24 F	24 L	24 L	24 M	24 M	24 F	24 F	24 M	24 M
25 S	25 M	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 S	25 S	25 M	25 M	25 F	25 F	25 L	25 L	25 M	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M
26 M	26 Þ	26 Þ	26 M	26 M	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M	26 S	26 S	26 M	26 M	26 F	26 F	26 L	26 L	26 M	26 M	26 F	26 F	26 M	26 M
27 Þ	27 M	27 M	27 L	27 L	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 S	27 S	27 M	27 M	27 F	27 F	27 L	27 L	27 M	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M
28 M	28 Þ	28 Þ	28 M	28 M	28 S	28 M	28 M	28 M	28 M	28 S	28 S	28 M	28 M	28 F	28 F	28 L	28 L	28 M	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M
29 F	29 M	29 M	29 L	29 L	29 M	29 M	29 M	29 M	29 M	29 S	29 S	29 M	29 M	29 F	29 F	29 L	29 L	29 M	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 Þ	30 Þ	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 S	30 S	30 M	30 M	30 F	30 F	30 L	30 L	30 M	30 M	30 F	30 F	30 M	30 M
31 L	31 M	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 S	31 S	31 M	31 M	31 F	31 F	31 L	31 L	31 M	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M



## Fylgiskjal 5

### Matsgögn

#### Endurmat deilda

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Þema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölván. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans?
- Annarra starfsmanna?

Valstund á deild.

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?

Hver velur fyrstur.

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.

Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.



Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Tíminn frá hvíld fram að vali.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheimi (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Þátttaka barna í daglegum störfum

Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir vinalstund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.

Afmæli barnanna.

Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.



## Sameiginlegt endurmat

### Móttakan

Hlutverk móttöku gagnvart börnunum

Virðum við markmið valsins eða viljum við stjórna vali barnanna?

Skráning.

Vald móttöku, loka svæðum, færa fólk til.

Önnur störf s.s. ýmis konar frágangur.

Af hverju myndast röð við valtöfluna? Hvað má senda börnin ört fram?

### Öll svæði

Markmið svæða.

Hlutverk starfsmanns.

Hvað er boðið uppá á svæðinu.

Er boðið upp á allt, alltaf?

Fjöldi barna á svæðum.

Hvar eru börnunum sett mörk og hvernig? T.d. ef barni er vísað af svæði leysir það þá vandann eða situr næsti starfsmaður uppi með hann?

Frágangur.

Að klára val tímenn. Hvað er hægt að gera með börnunum? Hvað gerum við?

Samkvæmt markmiðum okkar á barnið að fá tækifæri að velja sér verkefni sjálf? Hvað ef barnið velur alltaf með einhverjum eða velur alltaf sama svæðið? Hvað gerum við?

### Útivera

Hjól, snjóþotur.

Yfirsýn.

Stöndum við í hnapp og kjöftum?

### Fínhreyfingar

### Laut

### Einingakubbar

### Kubbasvæði

### Tilraunir

### Vinastund

### Gönguferðadagar



## Fylgiskjal 6

### Jafnréttisáætlun Fífuborgar

[Hér má finna jafnréttisáætlun Fífuborgar](#)

### Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2019 – 2020

#### Starfsfólk

Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að efla kynjafræði-þekkingu starfsfólks.	Að halda námskeið á starfsdögum, t.d. fyrirlestur um kynjafræði frá fagaðila sem m.a. gæti kynnt ýmiss ný hugtök fyrir starfsfólki.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur skólans.	Annað hvert ár. Næst 2019 – 2020.

#### Nemendur

Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífinu.	Að vera meðvituð um að allt leikefni sé fjölbreytt, henti mismunandi áhugasviði og sé ekki kynbundið. Jafna fram-setningu á leikefni og grípa áhuga barnanna. Hafa fjöl-breytni í bókavali og fara reglulega yfir bækur leikskólans og skoða þær með kynjagleraugum.	Allir. Endanleg ábyrgð deildastjóranna.	Alltaf. Áhersla 2019 – 2020





## Starfsáætlun Fífaborgar 2019-2020

### Umsögn foreldraráðs

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla ber foreldraráði að veita starfsáætlun leikskóla umsögn sína, sem gefin skal út árlega og lögð er fyrir skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar til samþykktar. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans, sbr. 2. mgr. 14. gr. fyrrgreindra laga.

Stjórnarmenn foreldraráðs Fífaborgar hafa lesið drög að starfsáætlun 2019-2020 fyrir leikskólann og telja hana fagmannlega unna og skýra. Vill ráðið minnast á nokkur atriði starfsáætlunarinnar sem vakti sérstaka athygli stjórnarinnar.

Sameiginlega eineltisáætlun með leikskólum í Grafarvogi og Kjalarnesi er nú að finna á heimasíðu leikskólans. Mikilvægt er að leikskólar séu samstíga í forvörnum og viðbrögðum við einelti og lýsir foreldraráðið ánægju sinni með útgáfu áætlunarinnar.

Sérstaklega ber að fagna því að leikskólinn Fífaborg hafi hlotið hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs í febrúar á þessu ári, sem veitt eru fyrir framsækið leikskólastarf. Endurspegla verðlaunin tvímælalaust það frábæra starf sem unnið er í Fífaborg á sviði umhverfismenntar.

Foreldraráðið lýsir ánægju sinni með Erasmus-samstarf leikskólans við kennaraskóla í Þýskalandi. Fróðlegt og gagnlegt er fyrir börnin sem og aðra starfsmenn að kynnast erlendum kennaranemum og læra eitthvað nýtt af þeim. Eins og fram kemur í starfsáætluninni er fyrirhugað áframhaldandi samstarf en nú við annan kennaraskóla í Þýskalandi.

Þá er jafnframt ánægjulegt að Fífaborg hafi hlotið þróunarstyrk í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í starfsáætluninni er vísað til þess að ætlunin sé að þróa könnunaraðferðina og tengja hana við læsi. Það verður spennandi að sjá hvernig tekst til.

Varðandi endurmat á starfsemi leikskólans þá fagnar foreldraráðið því mjög að börnin fái sjálf að koma að endurmati á nokkrum þáttum starfsins. Hefur það tvímælalaust hvetjandi áhrif ef á raddir barnanna er hlustað og stuðlar að góðri líðan þeirra í leikskólanum.

Þá styður foreldraráðið að farið verði í endurbætur á starfsmannaaðstöðu leikskólans en samkvæmt niðurstöðu starfsmannakönnunar á vegum Reykjavíkurborgar var þetta það atriði sem ekki fékk háa einkunn meðal starfsmanna. Brýnt er m.a. að bæta aðstöðu fyrir sérkennsluna.

Foreldrakönnun á vegum Reykjavíkurborgar fór fram í vetur en þar kom leikskólinn Fífuborg vel út. Foreldraráð fagnar því og telur það staðfesta að í leikskólanum fari fram faglegt og vel unnið starf. Þetta tengist þó án efa því hve vel leikskólinn er mannaður í dag en í starfsáætluninni er greint frá því að af 20 starfsmönnum leikskólans séu 15 fagmenntaðir.

Að lokum vill foreldraráðið lýsa mikilli ánægju sinni með þá þætti starfsins sem lúta að lýðheilsu og að áfram muni verða lögð áhersla á það atriði í starfi leikskólans. Í þessu sambandi mætti nefna grænánaverkefnið, nýting hjólaaðstöðunnar fyrir utan leikskólann sem og ræktun matjurta.

Lilja Rún Sigurðardóttir formaður  
Sólveig Dögg Alfreðsdóttir varaformaður  
Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir ritari  
Natalie Marie Ouellette meðstjórnandi